

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Borgartúnsreitur vestur 1.216, Guðrúnartún.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. maí 2020, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur 1.216 vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi: Guðrúnartún. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarflöt 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. júní 2020, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 10 við Bæjarflöt. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýrri innkeyrslu á lóð ásamt því að norðausturhluti lóðar er girtur af og hliði komið fyrir í nýrri innkeyrslu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. júní 2020.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2020